

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. október 1994

um samþykki áætlunar sem Frakkland hefur lagt fram og fjallar um bónamíósis og marteilíósis

(Einungis franski textinn hefur lagagildi)

(94/722/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/54/EBE ⁽²⁾, einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðildarríkjunum er heimilt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina áætlun með það í huga að óðlast stöðu viðurkennds svæðis sem er laust við tiltekna lindýrasjúkdóma.

Frakkland lagði 4. maí 1993 fram áætlun um bónamíósis og marteilíósis sem nær til yfirráðasvæðis þess. Í bréfi dagsettu 14. október lagði Frakkland fram frekari upplýsingar um viðurkenningu franskra strandsvæða með tilliti til þessara sjúkdóma.

Í áætluninni eru tilgreind þau landsvæði sem um ræðir, þær ráðstafanir sem opinberar þjónustustofnanir munu grípa til, vinnureglur sem viðurkenndar rannsóknarstofur skulu fara eftir, útbreiðsla viðkomandi sjúkdóma og með hvaða ráðum skuli berjast gegn þeim þar sem þeirra verður vart.

Áætlunin er í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlunin um bónamíósis og marteilíósis, sem Frakkland hefur lagt fram, er hér með samþykkt.

2. gr.

Frakkland skal samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara eftir áætluninni sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Frakklands.

Gjört í Brussel 25. október 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 175, 19. 7. 1993, bls. 34.